

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 11910/2022

Reykjavík, 24. janúar 2024

Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Með bréfi 21. júlí 2023 var ráðuneytinu sent afrit af álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11910/2022. Þar var niðurstaða mín m.a. sú að ákvæði þágildandi 3. málslíðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 760/2021, um styrki vegna hjálpartækja, ætti sér ekki, eins og það var fram sett, fullnægjandi stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Í álitinu kom nánar tiltekið fram að ég gæti ekki fallist á það að hjálpartæki sem nauðsynleg væru eða hentug til leiks og tómsstunda barna með fötlun féllu utan efnismarka 26. gr. laga nr. 112/2008. Þvert á móti yrði að ganga út frá því að vilji löggjafans hefði staðið til þess að stutt væri við möguleika barna með fötlun til leiks og tómsstunda til jafns við önnur börn eftir því sem unnt væri. Þótt ráðherra nyti töluverðs svigrúms til að kveða á um takmarkanir á því hvaða hjálpartæki Sjúkratryggingar tækju þátt í að greiða yrði þannig að leggja til grundvallar að ráðherra hefði borið að tryggja, að því marki sem unnt væri, að ekki væri dregið úr þeim réttindum sem fólki með fötlun eru tryggð í stjórnarskrá, lögum og alþjóðasamningum. Ákvæði þágildandi 3. málslíðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 760/2021 legði í reynd fortakslaust bann við greiðslu vegna hjálpartækja sem væru eingöngu til nota í frístundum eða til afþreyingar og væri þannig til þess fallið að koma í veg fyrir að stofnunin horfði til réttinda fatlaðra barna sem nánar var fjallað um í álitinu.

Í ljósi þess að heilbrigðisráðuneytið upplýsti um það, undir meðferð málsins, að unnið væri að breytingum á fyrrnefndu reglugerðarákvæði taldi ég ekki ástæðu til sérstakra tilmæla þar að lútandi. Ráðuneytið var þó upplýst um að umboðsmaður myndi fylgjast með þeim breytingum sem ráðuneytið hafði boðað.

Hinn 19. janúar sl. var gefin út í Stjórnartíðindum reglugerð nr. 34/2024, um 5. breytingu á reglugerð nr. 760/2021. Í 3. gr. síðarnefndu reglugerðarinnar er nú að finna eftirfarandi ákvæði:

Þegar um er að ræða fötluð börn skal jafnframt horft til þess hvort hjálpartæki sé nauðsynlegt til leiks og tómsunda þeirra.

Í beinu framhaldi segir hins vegar:

Tæki ætluð til líkamsæfinga eða íþróttar flokkast ekki undir hjálpartæki skv. þessari reglugerð.


Síðara ákvæðið var að finna í 3. gr. reglugerðar nr. 760/2021 fyrir breytinguna en með 1. gr. reglugerðar 34/2023 var þó bætt við hana orðunum „ætluð“ og „eða íþróttar“. Engu að síður verður að líta svo á að það hafi almennt tekið til hjálpartækja óháð því hvort um börn væri að ræða. Eftir breytinguna er ekki fyllilega ljóst hvort síðara ákvæðið eigi jafnframt við um hjálpartæki sem nauðsynleg eru til leiks og tómsunda fatlaðra barna. Hef ég þá í huga að samkvæmt almennri málvenju kunna íþróttir og líkamsæfingar fatlaðra barna einnig að teljast til leiks og tómsunda þeirra og kann þ.a.l. að vera erfiðleikum bundið að greina á milli hugtakanna „leikur“, „tómsundir“, „líkamsæfingar“ og „íþróttir“.

Í ljósi framangreinds er þess óskað að heilbrigðisráðuneytið upplýsi mig um afstöðu sína til þess hvernig skýra beri fyrrgreind ákvæði reglugerðarinnar til samræmis hvort við annað. Einnig óska ég eftir rökstuddri afstöðu ráðuneytisins til þess hvort og þá hvernig fyrrgreind breyting reglugerðarinnar samræmist þeim sjónarmiðum sem sett voru fram í fyrrgreindu álitum umboðsmanns. Þá er óskað eftir því að ráðuneytið taki afstöðu til þess hvort orðalag og framsetning ákvæðanna sé nægilega skýr svo að þeir borgarar sem í hlut eiga geti gert sér grein fyrir þeim réttindum sem þeir kunna að eiga að þessu leyti.

Ég óska þess að umbeðnar upplýsingar berist mér ekki síðar en 16. febrúar nk.

Fyrirspurnin er tilkomin vegna skýrslu um starfsemi umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2022. Vonast er eftir skjótum svörum við erindinu en berist þau ekki í tíma kann þess að verða getið í skýrslunni.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon